

Nr. 17-180 S 130 Sleipnir VE 83**Bilun í búnaði**

Skipaskr.nr. 0968
IMO nr 6513920
Smíðaður: Boizenburg Þýskalandi 1964 stál
Stærð: 243,4 brl. 349 bt.
Mesta lengd: 38,95 m Skráð lengd: 35,04 m
Breidd: 7,2 m Dýpt: 6,05 m
Vél: Callesen 552 kW 1975
Fjöldi skipverja: 12



Sleipnir © Hilmar Snorrason

Gögn:

Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 29. janúar 2018 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 1. desember 2017 var Sleipnir VE 83 á netaveiðum austur af Vestmannaeyjum. Veður: V 10 m/s.

Skipstjóri hafði samband við Vaktstöð siglinga og tilkynnti um bilun í rafkerfinu þannig að þeir hefðu hvorki stýri né siglingartæki. Vélstjórinn gat lagfært bilunina og þeir komust til hafnar án aðstoðar.

Við rannsókn kom fram:

- að hleðslutæki fyrir neyðarrafgeyma bilaði og hleðslan rann út af þeim;
- að skipverjar höfðu nýlega verið ráðnir á bátinn eftir að ný útgerð tók við honum;
- að skiptirofi í brú var fyrir mistök stilltur á neyðarkeyrslu 24 volta kerfið í stað 220 volta netið sem orsakaði yfirálag á hleðslutækið.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.